

5. gr.

Um störf og starfsskyldur presta sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis gilda ákvæði starfsreglna um presta eftir því sem við á.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gildandi samningum um og samkomulagi við íslenska presta erlendis, sem þiggja laun frá þjóðkirkjunni, verði sagt upp með löglegum fyrirvara og gengið verði til nýrra samninga á grundvelli þessara starfsreglna eftir því sem við getur átt.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR**um djákna.**

1. gr.

Djákna er skylt að sinna starfi sínu samkvæmt þeirri köllun sem hann hefur hlotið og vígslubréfi, svo og samkvæmt þeim lögum og reglum sem um starf hans gilda á hverjum tíma. Enn fremur ber djákna að fara að ákvæðum ráðningarsamnings og erindisbréfs.

2. gr.

Djáknar starfa á sviði fræðslu- og líknarmála. Djáknar starfa innan safnaðar, stofnunar eða á vegum líknarfélags.

3. gr.

Biskup Íslands auglýsir laus störf djákna í samráði við vinnuveitanda. Biskup kannar hvort umsækjendur uppfylli lögboðin skilyrði til starfsins. Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup umsóknir ásamt umsögn sinni til hlutaðeigandi vinnuveitanda (sóknarnefndar, stofnunar eða líknarfélags), sem ákveður, að höfðu lögboðnu samráði, hver skuli ráðinn og tilkynnir það prófasti.

4. gr.

Vinnuveitandi skal gera skriflegan ráðningarsamning við djákna sem kveður á um starfsskyldur hans. Tilgreina skal sérstaklega í ráðningarsamningi hvaða störfum á sviði líknar- og fræðslumála djákna ber að sinna. Drög að ráðningarsamningi skulu liggja fyrir þegar starfið er auglýst.

5. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði starfsreglna um stöðu, störf og starfshætti sóknarnefnda þegar djákni er ráðinn til starfa af sóknarnefnd.

6. gr.

Djákna ber að hlýða löglegu boði yfirboðara síns.

7. gr.

Djákna ber að viðhalda þekkingu sinni og menntun eftir föngum til að geta ávallt sem best sinnt starfi sínu.

8. gr.

Djákni situr héraðsfundi í því prófastsdæmi sem hann starfar og hefur þar málfrelsi og atkvæðisrétt. Prófastur skal boða djákna prófastsdæmisins til héraðsfundar og annarra funda á vegum prófastsdæmisins eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Biskup skipuleggur starfsþjálfun djákna. Starfsþjálfun skal felast í eftirtöldu:

1. Kynningu á djáknaþjónustu innan íslensku þjóðkirkjunnar.
2. Kynningu á starfi og skipulagi þjóðkirkjunnar.
3. Kynningu á félagslegri þjónustu ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka.

10. gr.

Djáknanemi skal standast faglegt mat biskups til þess að mega öðlast vígslu. Biskup skilgreinir þá þætti sem metnir eru og setur þær kröfur sem djáknanemi skal uppfylla í þessu skyni.

11. gr.

Biskup setur djáknum erindisbréf.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Með hugtakinu kynferðisbrot í reglum þessum er átt við kynferðislegt ofbeldi annars vegar og kynferðislega áreitni hins vegar.

Kynferðislegt ofbeldi er misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi refsilaga.